

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra.

#### 1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:

Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	0,75 (3/4) m <sup>3</sup>	1 m <sup>3</sup>
Gjald:	1.045 kr.	2.090 kr.	3.135 kr.	4.180 kr.

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir undir magn og gerð úrgangs.

#### 2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

Almenningur getur skilað eftirtöldum flokkuðum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu hvenær sem er sólarhrings, gjaldfrítt:

- Pappír, dagblöðum, tímaritum, auglýsingabæklingum, skrifstofupappír, umslögum og prent-pappír (ekki brúnum bréfpokum).
- Umbúðum úr sléttum pappa, t.d. fernum, morgunkornspökkum, kartonpappír, brúnum bréfpokum, hólkum innan úr salernispappír, eldhúspappír og eggjabökkum úr pappa.
- Hörðu plasti, sjampóbrúsum, tómatssósuþrúsum, skyrdósum, plastbökkum undan mat-vælum, töppum og lokum (skilist lausum ekki skrúfuðum á).
- Mjúku plasti, plastfilmu, plastpokum ýmis konar, t.d. utan af brauði, harðfiski o.fl.
- Bylgjupappa, pappakössum, pizzakössum o.fl.
- Málmum, niðursuðudósum, álpappír, álboxum af sprittkertum, lokum og töppum o.fl.
- Gleri/postulíni, smærri hlutum, s.s. brotnum blómapottum, glerbrotum o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áriðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 21. nóvember 2013, samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1178/2012.

*Hvammstanga, 19. mars 2014.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.